



## Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð

9. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu að Borg 24. apríl 2023 klukkan 17:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Iðá Marsibil Jónsdóttir Sveitarstjóri

Valgeir F. Backman fulltrúi Sólheima, gestur undir liðnum Hátíðarhöld 17.júní.

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

1. Hátíðarhöld á Þjóðhátíðardegi Íslands, 17. júní 2023. Umræður með fulltrúa Sólheima.
  - a. ATH með hoppukastalann sem var á Stóa Hálsi (Pétur talar við Rúnu)
  - b. ATH með leikföng: sippubönd, stóra bolta, Kubb og fleira.
  - c. Fulltrúi Sólheima athugar með hvort Sögusafnið á Sólheimum verði opið.
  - d. Útbúa skilti til að hafa upp á Borg sem vísar veginn að 17. á Sólheimum.
  - e. Búið er að skoða birgðastöðu á fánum og rellum. Nóg til. Fánar eru í geymslunni í anddyri félagsheimilisins.
2. 25 ára afmæli Grímsnes- og Grafningshrepps. Umræður við sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps.

Afmælisdagskrá 3. júní

- Byrjað á fjölskylduratleik
- Sundlaugarpartí og afmælistaka
- Ball um kvöldið í samstarfi við Tintron

Sveitarfélagið býður upp á afmælistöku. Formaður athugar með GK bakarí á Selfossi og fær tilboð í 150 manna köku. Skoðað að gera ratleik í samstarfi við Tómsundarfulltrúa sveitarfélagsins.

Fulltrúar Tintron verða boðaðir á næsta fund nefndarinnar. Guðrún Ása verður boðuð á næsta fund vegna ratleiks.

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 8. maí klukkan 17:00

Fundi slitið klukkan 18:40



## Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fylgiskjal - Drög að dagskrá 17. Júní

- 13:00 Skróðganga  
Gengið frá Tjörninni, fram hjá Sólheimahúsi og inn í Íþróttaleikhús.
  - Safnast saman við tjörnina.
  - Hægt að leggja hjá Sesseljuhúsi og Vigdísarhúsi
  - Fá bílastæðavísa (jafnvel frá Sólheimum)
  - Athuga með trommur, hristur og kúabjöllur (Valgeir)
  - Jafnvel tónlist úr soundboxi (ath hjá skólanum, Pétur)
  - Sveitfélagið skaffar veifur og fána.
  
- 13:30 Hátíðardagskrá í Íþróttaleikhúsinu.
  - Kynning frá formanni nefndarinnar (5-10 mín.)
  - Hátíðarræðumaður (10 mín.)
  - Fjallkona (10 mín.)
  - Hvatningarverðlaun (10 mín.)
  - Skemmtiatriði Leikfélagi Sólheima (10 mín.)
  
- Skemmtidagskrá á Péturstorgi
  - Tónleikar, beðið er eftir staðfestingu frá tónslitarmanni.
  - Valgeir athugar með útileikföng sem eru til á Sólheimum.
  - ATH með að kaupa útileikföng til að eiga fyrir 17. júní.
  - Andlitsmálning
  - Grillaðar pylsur til sölu til styrktar góðu málefni.  
Í ár verður það Skátafélag Sólheima sem sér um og selur pylsur.  
Matráður sveitarfélagsins sér um innkaup á Pylsum og sósum.
  - Kaffihúsið Græna Kannan opin
  - Sögusafn Sólheima opið. (Valgeir)
  - Endað á DJ?